

## **12. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn föstudaginn 17. júlí í fjarfundakerfinu Teams.**

### **Fundurinn hófst kl. 11.00.**

Mættir eru: Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt, Bergþóra Birgisdóttir, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Hildur Þórisdóttir og Vilhjálmur Jónsson.

Stefán Bogi Sveinsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson og Elvar Snær Kristjánsson boðuðu forföll.

Geirlaug Jóhannsdóttir ráðgjafi hjá Hagvangi.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

### **1. Ráðning í störf hjá sameinuðu sveitarfélagi**

Framkvæmdahópur hefur ásamt ráðgjafa frá Hagvangi unnið mat á umsækjendum um þrjú störf hjá sameinuðu sveitarfélagi. Störfín voru auglýst 13. júní síðastliðinn með umsóknarfresti til 30. júní. Geirlaug kynnti verklag við mat á umsækjendum og rökstuðning framkvæmdahópsins.

Framkvæmda- og umhverfisstjóri. Níu umsóknir bárust, en einn dró umsókn sína til baka. Framkvæmdahópurinn leggur til að Huguínu Hjálmarsdóttur verði boðið starf Framkvæmda- og umhverfisstjóra.

Verkefnisstjóri mannauðsmála. Fjórar umsóknir bárust. Framkvæmdahópurinn leggur til að Sigrúnu Hólm Þórleifsdóttir verði boðið starf Verkefnisstjóra mannauðsmála.

Verkefnastjóri rafrænnar þróunar og þjónustu. Tíu umsóknir bárust, en einn dró umsókn sína til baka. Framkvæmdahópurinn leggur til að Loga Helgu verði boðið starf Verkefnisstjóra rafrænnar þróunar og þjónustu.

Geirlaug og Björn svöruðu spurningum stjórnarfólks.

Framkvæmdahópurinn óskar eftir að Geirlaugu verði veitt umboð til að ræða við umsækjendurna þrjá og bjóða þeim að ganga til samninga um störf hjá sameinuðu sveitarfélagi. Í framhaldinu verði umsækjendur boðaðir til viðtals við framkvæmdahópinn til að ræða ráðningarsamninga.

Samþykkt samhljóða.

### **2. Næsti fundur Undirbúningsstjórnar**

Stefnt er að fundi þriðjudaginn 21. júlí kl. 8.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 11:50.